

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 247/2017

2019/EES/80/39

frá 15. desember 2017

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1499 frá 2. júní 2017 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 í þeim tilgangi að laga þá að breytingu á lögboðnu prófunaraðferðinni til mælingar á losun koltvísýrings frá léttum atvinnuökutækjum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1502 frá 2. júní 2017 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 í þeim tilgangi að laga þá að breytingu á lögboðnu prófunaraðferðinni til mælingar á losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum ⁽²⁾.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á III. kafla XX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21ae (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009):

„– **32017 R 1502:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1502 frá 2. júní 2017 (Stjttíð. ESB L 221, 26.8.2017, bls. 4).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21ay (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011):

„– **32017 R 1499:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1499 frá 2. júní 2017 (Stjttíð. ESB L 219, 25.8.2017, bls. 1).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2017/1499 og (ESB) 2017/1502, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. desember 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2017 frá 16. júní 2017 ⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 219, 25.8.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 221, 26.8.2017, bls. 4.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 142, 7.6.2018, bls. 41, og EES-viðbætur nr. 37, 7.6.2018, bls. 9.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. desember 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.